



Reglur Hvalfjarðarsveitar um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna

Laun sveitarstjórnarfulltrúa

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Hvalfjarðarsveitar skal vera hlutfall af viðmiðunarfrjárhæð sem er 80% hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Frá júlí 2021 er viðmið um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna 80% af þingfararkaupi eða kr. 1.028.329.- (fullt þingfararkaup er kr. 1.285.411-).

Grunnlaun:

Oddviti sveitarstjórnar	20%	(kr. 205.666.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	9%	(kr. 92.555.-)

Fundir:

Oddviti sveitarstjórnar	3%	(kr. 30.850.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	2%	(kr. 20.567.-)
Varamenn í sveitarstjórn	3%	(kr. 30.850.-)

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnur utan Hvalfjarðarsveitar skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 2% (kr. 20.567.-) af viðmiðunarfrjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Hvalfjarðarsveitar utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók. Oddviti sveitarstjórnar fær fastan bifreiðastyrk á mánuði að upphæð kr. 10.000.-

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn fá greiddar kr. 2.500.- á mánuði fyrir símanotkun.

Laun sveitarstjórnarfulltrúa skulu greidd mánaðarlega.

Oddviti og sveitarstjórnarfulltrúar eru slysatryggðir skv. almennri slysatryggingu.

Laun fyrir setu í nefndum

Laun nefnda skulu vera í hlutfall af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.028.329.-

Formenn nefnda fá greitt 3% (kr. 30.850.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund. Formenn nefnda fá greiddar kr. 2.500.- tvisvar sinnum á ári, samhliða greiðslu nefndarlauna þann 1. júní og 1. desember ár hvert, fyrir símanotkun.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 2% (kr. 20.567.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Laun til kjörstjórnar skulu ákveðin sérstaklega hverju sinni af sveitarstjórn.

Skólastjórar leik- og grunnskóla, kennarar og aðrir fulltrúar sem lögum samkvæmt er skylt að hafa til staðar á fundum fræðslu- og skólanefndar fá greitt 1% (kr. 10.283.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund sem þeir sitja.

Nefndarlaun skal greiða tvisvar sinnum á ári 1. júní og 1. desember og miðast við framlagðar fundargerðir.

Önnur réttindi

Greitt er 8% mótframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð. Ekki er greitt mótframlag vegna greiðslu í séreignasjóð.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð (kr. 1.028.329.-) er 80% af þingfararkaupi alþingismanna í júlí 2021 og tekur hún breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn.

Gildistaka

Reglur þessar skulu taka gildi þann 1. júní 2018 að undanskyldu ákvæði um greiðslutilhögun nefndarlauna sem skal taka gildi þann 1. janúar 2018.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 28. nóvember 2017

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi viðbót við reglurnar þann 28. janúar 2020 :

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn geta, gegn framvísun kaupnótu/reiknings, fengið styrk til tölvukaupa að fjárhæð kr. 100.000.- á kjörtímabili.

Sveitarstjórn samþykkti breytingar á reglunum á fundi nr. 319, þann 8. desember 2020 sem taka gildi 1. janúar 2021.

Viðmiðunarfjárhæðir eru uppfærðar frá 1. júlí 2021